

L Ö G

52

12. júní

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

53

5. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selja áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völinn nota.